

Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 28. október kl. 16:15-18:00

Mættir voru: Dóra, Gunnar, Halldór, Halldóra, Herdís, Lilja, Trausti, Unnur, Þorkell.

Forföll boðaði: Erna og Aðalsteinn komst ekki í hennar stað.

Fundarstjóri: Trausti.

Fundarritari: Herdís.

1. Skólastarfið það sem af er önn

Dóra fór yfir helstu viðburði í skólastarfinu það sem af er haustönn 2015. Þeir viðburðir sem hún ræddi um voru: nýnemavikan, heimsókn Ingólfs Freyssonar í Fjölsmiðjuna, Maríta-fræðslan, fyrirlestur Siggú Daggar kynfræðings, heimsókn frá Rauða krossinum, heimsókn starfsmanna FSH í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, jarðfræðiferð Gunnars Baldurssonar, haustlitaferð nemenda og starfsfólks FSH og heimsókn frá nemendum í 10. bekk nærliggjandi skóla.

2. Miðannarmat

Dóra greindi frá því að miðannarmat hefði gefið í öllum áföngum skólans þann 10. október sl. Hún greindi jafnframt frá tilgangi miðannarmats og hvað í því felst.

3. Ytri úttekt á skólanum

Dóra sagði frá því að til stæði að gera ytri úttekt á Framhaldsskólanum á Húsavík. Þann 10. og 11. nóvember nk. munu aðilar á vegum menntamálaráðuneytis heimsækja skólann og framkvæma ytra mat.

4. Staða námskrármála

Herdís greindi frá stöðunni í námskrárvinnu í FSH. Stefnt er að því að stúdentspróf frá FSH verði 240 framhaldsskólæiningar og að hafin verði kennsla samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.

5. Rekstur skólans

Dóra sagði frá því að nýrri rekstraráætlun hefði verið skilað fyrir yfirstandandi skólaár miðað við 10 mkr. niðurskurð sem gert er ráð fyrir á rekstarárinu. Einnig sagði hún frá bréfi til menntamálaráðuneytis, sem hún skilaði með áætluninni, þar sem fram kom að hún og fjármálastjóri harni þennan gjörning. Ákveðið var að Dóra sendi nefndarfólki bréfið til upplýsingar ásamt bréfi sem sent var með rekstraráætluninni í desember.

6. Önnur mál

Dóra sagði frá því að á starfsbraut væri 15 ára gamall fatlaður nemandi úr 10. bekk Borgarhólsskóla. Erfiðlega hefur gengið með þennan nemanda í grunnskólanum og var því gerður samningur um að hann fengi að vera á starfsbraut í FSH. Þetta fyrirkomulag var ákveðið með samþykki foreldra og félags- og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Vel hefur gengið með þennan nemanda á starfsbraut FSH það sem af er.

Herdís og Dóra greindu frá samskiptaerfiðleikum sem nokkrir strákar úr hópi nýnema hafa átt í. Unnið er að lausn málsins í samráði við foreldra drengjanna. Jafnframt sögðu Herdís og Dóra frá því að tveir nemendur hefðu gerst brotlegir við skólareglur um neyslu áfengis á viðburðum á vegum skólans. Þessir nemendur hafa fengið skriflega áminningu.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.